Félag um innri endurskoðun

Starfsreglur stjórnar

1. gr.

Stjórn félagsins hefur með höndum skipulag á starfsemi félagsins í samræmi við markmið félagsins eins og þau koma fram í samþykktum þess. Hún hefur eftirlit með rekstri og bókhaldi félagsins og stuðlar að upplýsingagjöf og fræðslu til félagsmanna og annarra aðila.
Hún gerir tillögur til breytinga á samþykktum félagsins eftir því sem tilefni er til.

2. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar. Kjósa skal formann, gjaldkera og ritara úr röðum stjórnarmanna.

3. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Stjórnarfundi skal halda óski einn eða fleiri stjórnarmenn eftir því.

Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda. Halda skal fundargerðir um það, sem gerist á fundum stjórnar og skrá í hana allar samþykktir stjórnarinnar. Fundargerðir skulu vera númeraðar og skulu allir stjórnarmenn sem fund sitja undirrita fundargerðina.

4. gr.

Til þess að stjórnarsamþykkt sé lögleg, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Til að skuldbinda sjóðinn umfram það, sem felst í prókúruumboði gjaldkera, þarf samþykki þriggja stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, sem þeir fá vitneskju um í störfum sínu fyrir félagið og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Stjórnarmanni er skylt að upplýsa ef mál er til meðferðar þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins.

6. gr.

Gjaldkeri leggur fram drög að ársreikningi eigi síðar en 1. apríl ár hvert sem lagður er fyrir aðalfund í maí. Kjörinn endurskoðandi félagsins yfirfer ársreikninginn og áritar hann.

7. gr.

Formaður stjórnar ber ábyrgð á að starfsreglum þessum sé fylgt svo sem um ritun fundargerða og önnur atriði.
Til breytinga á starfsreglum þessum þarf einfaldan meirihluta stjórnarmanna.

Samþykkt á stjórnarfundi 13. maí. 2008